

Fundur haldinn í sal í Hildi Skarphéðinsdóttur í Einholti þann 7. Nóvember.

Orð til umhugsunar.

Renata Peskóva ræddu um hversu flókið getur verið að læra íslensku og tók sem dæmi orðið LEIFTUR sem orð til umhugsunar er stundum kallað. Renata skoðað mismunandi merkingu LEIFTURS í karkyni, hvorukyni sem sagnorð og sem forskeiti. Leiftur í karlkyni er ákveðin hvalategund (white dolfinn á enksu), í hvorukyni merkir orðið bjart ljós eða blossi og svo er orðið að finna í röð af forskeytum og sagnorðinu að leiftra. Samsettu orðin sé í raun mjög gegnsæ á íslensku og sama gildir um orð samsett úr leiftri þó sum eins og t.d. leifturstríð sé orð sem hún hafi ekki notað á Íslandi en skilji úr sínum menningarheimi. Renata sagði að til að skilja kennslubók þurfi að skilja 98% innhalds en tvítyngd börn læra 80% af orðaforða eintyngdra. Það er þó alltaf mikilvægt að muna að tvítyngt barn sé í raun með 160 – 240% af orðaforða eintyngdra. Renata vill að við hugsum betur um þarfir fjöltyngdra barna en það er hópur sem fer sífellt stækkandi á Íslandi. Hún notar orðið fjöltyngisglæraugu og leggur til að við setjum þau upp!

Páll Ólafsson framkvæmdastjóri farsældarsviðs hjá Barna- og fjölskyldustofu hélt fyrirlestur um nýsamþykkt Lög um *samþætting þjónustu í þágu farsældar barna*. Hann er menntaður félagsfræðingur og hefur unnið í barnavernd og í skólaþjónustu. Í skólaþjónustunni fékk hann meðal annars tækifæri til að fara til Bandaríkjanna og kynntist stefnunni Uppeldi til ábyrgðar og heillaðist af því hvernig sú stefna lagði áherslu á að börnin fengju tækifæri til að bæta ráð sitt með því að bæta fyrir vandann sem þau voru að valda – og að þau gætu þannig sýnt að það væri hægt að treysta þeim. Eftir þetta vann Páll í barnavernd á ýmsum sveitarfélögum. Sameiginlegt í öllum þeim samtölum sagði hann vera að börnunum fannst enginn raunverulega hlusta á sig þegar þau reyndu að biðja um hjálp. Það vantaði einhvern sem var tilbúinn að hlusta.

Páll hælir mjög núverandi barnamálaráðherra Ásmundi Einari Daðasyni og segir að það sé frábært að vinna með ráðherra sem þori að spyrja spurninga og breyta kerfinu. Grunnhugsunin sé sú að breyta eigi kerfinu þannig að byrjað sé að hugsa fyrr um vandann áður en hann verður of mikill.

Páll rekur þær leiðir sem hafnar eru. Mikil vinna hafi farið í að gera verkferla, útbúa stöðluð eyðublöð sem til dæmis eru notuð þegar barn eða foreldri veita með undirritun leyfi til að kalla saman þá sem geta veitt samþætta þjónustu. Páll segir frá spennandi námi sem farið sé af stað í tengslum við samþættinguna sem er í félagsráðgjafadeild þar sem nú eru 120 nemendur. Starf Barna og fjölskyldustofu snúist um að veita málastjórum og tengliðum ráðgjöf. Unnið sé að reglugerð um málastjóra og tengiliði en gert er ráð fyrir að öll börn eigi rétt á slíkum tengiliðum.

Nú eru fjögur frumkvöðlasveitarfélög sem vinna að innleiðingu og eru það Árborg, Akranes, Akureyri og Vestmannaeyjar. Og svo er verið að skoða hvað reynsluboltarnir eru að vinna; Reykjavík, Hafnarfjörður, Múlaþing og Fjaraðarbyggð og reynt að miðla góðum leiðum á milli.

Samstarf vegna þjónustu við barn á að fara í skýrari farveg. Í raun sé stóra málið að bæta við málstjóra sem barnið og/eða foreldrar geta talað beint við. Þjónustuveitendur farsældarþjónstu á vegum ríkis eða sveitarfélaga ert t.d. leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, framhaldsskólar, heilsugæsla, lögregla, félagsþjónusta og barnavernd. Allir þessir aðilar verða að vera tilbúnir og kalla má aðila til frá öllum þessum stöðum til að vinna saman í þágu barnsins.

Þeir sem veita almenna þjónustu hafa ekki sömu skyldum að gegna eins og til dæmis íþróttafélög, lista- og æskilýðsstarf og félagasamtök. Þessum aðilum MÁ hins vegar bjóða að taka þátt.

Sambætting þjónustu getur hafist hjá öllum ofangreindra aðila. T.d. hjá heimilislækni þar sem hann getur sett af stað ósk um að sambættingu þjónustu. Þjónustuveitandi getur þá miðlað upplýsingum til tengliða og málstóra EF barn eða foreldri óskað eftir því. Mikilvægt að það sé formlega BEIÐNI.

Rætt var um hverjir væru tengiliðir en þeir eru fram að skólagöngu starfsmenn heilsugæslu. Á grunn og leikskólaaldri starfsmenn leik og grunnskóla. Í sérstökum aðstæðum starfsmaður félagsþjónustunnar.

Tengiliður skal hafa viðeigandi þekkingu á farsældarþjónustu. Mikilvægt að viðkomandi aðili hafi tíma og rými til að sinna starfinu og sé góður í að ávinna sér traust barna og viti hvernig kerfið virkar.

Hvað gerir tengiliður. 1) – talar við foreldra og barnið og veitir fyrstu ráð. 2) ef það dugar ekki þá tekur tengiliður við beiðni foreldra (þau skrifa undir beiðni) og þá getur tengiliður safnað upplýsingum frá öðrum. 3) tengiliður skipuleggur og fylgir eftir sambættir þjónustu á 1. Stigi. Ef málið er of flókið þá er málinu vísað til málstjóra.

Hver er málstjóri – hann er starfsmaður skólaþjónustunnar eða gæti verið hjá heilbrigðisþjónustu ef vandinn liggur þar. Málstjóri skal hafa yfirgripsmikla þekkingu á farsældarþjónustu, líkast til félagsráðgjafi.

Hvernig berast erindi til málstjóra – frá tenglið, barninu sjálfu eða foreldri.

Málstjóri gerir stuðningsteymi og stuðningsáætlun (mat og greining, markmið þjónustu, árangursmat, tímabil, eftirfylgni).

Ef málinu lýkur án stuðningsáætlunar þá þarf að tilkynna það til allra aðila í teyminu og barni og foreldrum.

Áður en barnið verður 18 ára skal stuðningsteymi gera áætlun þar sem fjallað eru um sambættingu í framhaldinu.

Málstjóri talar við barnið, foreldra og mögulega fleiri. Alla sem koma að barninu (skóla, leikskóla, félagsmiðstöð, heilsugæsla og sjúkrahús).

Ef samvinna næst ekki hjá málstjóra þá getur hann tilkynnt til barnaverndar. Vonin er sú að tilkynningum fækki því unnið verði með vandann á meðan hann er ekki of stór.

Grunnskilyrði sambættingar er beiðni foreldris eða barns.

Hægt er að byggja þjónustu án þess að sambætting sé veitt en aðilar mega ekki tala saman.

Tengiliður tekur við beiðni um sambættingu þjónustu. Beiðni er heimildin fyrir miðlun upplýsinga milli aðila sem veita þjónustu. Það þurfa þó EKKI allir að vita allt.

Sambættingin heimilar vinnslu persónuupplýsinga, söfnun, skráningu varðveislu miðlun og samkeyrslu upplýsinga.

EKKI er þó HEIMILT AÐ MILÐA ÖLLUM UPPLÝSINGUM ÓHINDRAÐ Á MILLI KERFA OG INNAN VINNUSTAÐA.

Fyrsta stigið: hvað getur skólinn gert fyrir barnið: kennsluráðgjöf, námsráðgjöf, skólahjúkrun, frístund, sálfræðingur, umsjónarkennari, sérkennslustjóri. Hvað getur heilsugæslan gert; foreldrahæfni, barnateymi, uppeldisráðgjöf. Hvað getur félagsþjónustan gert fyrir barnið: vinna með jaðarsett börn, foreldrafærni námskeið, stuðningu fyrir börn af erlendum uppruna, börn sem eiga veika foreldra, sorgarvinna.

Peningar fylgja – tveir milljarðar fyrir hvert ár. Samþættingin er aðbærasta verkefnið sem hið opinbera hefur farið af stað með fyrir utan Keflavíkurflugvöll! Ákveðin innleiðing í fimm ár og þá tekst okkur þetta!

Nokkrar umræður spunnust um hver ætti að vera tengiliður í skólanum, hvort þetta skapaði mikið álag á skólana og hvort í raun væri ekki verið að vinna með þessu hætti innan skólanna.